

Sp.

328. Tillaga til þingsályktunar

[170. mál]

um vistheimili fyrir vangefna.

Flm.: Helgi F. Seljan, Karvel Pálmason, Vilhjálmur Hjálmarsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því í samræði við Styrktarfélag vangefinna, að komið verði upp vistheimilum fyrir vangefna í þeim landshlutum, þar sem slík heimili eru ekki til nú.

Greinargerð.

Allt fram undir síðustu áratugi hafa málefni vangefinna í þjóðfélaginu verið vanrækt. Skilningur hefur þó farið sívaxandi á málefninu: Starf lækna, sálfræðinga og félagsráðgjafa hefur auðveldað úrbætur, almenningsálitið hefur orðið ólíkt jákvæðara, ríkið sjálft hefur komið allmyndarlega til liðs við þetta fólk, og síðast, en ekki sízt hefur starfsemi Styrktarfélags vangefinna og barátta þess fyrir hina vangefna verið dýrmæt og borið ríkulegan árangur.

Aðalstofnunin, ríkishælið í Kópavogi, er ekki aðeins vistheimili, það er einnig sú stofnun, sem á að þjálfa hæft starfsfólk til að sinna umönnun hinna vangefna.

4 vistheimili munu svo vera til á landinu fyrir vangefna: að Skálatúni, Sólheimum, Tjaldanesi og á Akureyri. Þrjú þessara heimila eru sunnan- og suðvestanlands, en eitt nyrðra. Auk þessa eru svo tvö dagheimili hér í Reykjavík á vegum Styrktarfélags vangefinna.

Þetta er umtalsverður og lofsverður árangur, en þó vekur það athygli, að í tveimur landshlutum eru engar slíkar stofnanir til, á Vestfjörðum og Austurlandi. Enginn efar þó, að þar er einnig fólk, sem eins og annars staðar þarf að eiga þess kost að njóta heimilisvistar af þessu tagi.

Það er að vísu rétt að benda á það, að talið er, að til þess að kleift sé að stofnsetja slíkt heimili þurfi ákveðinn fjölda vistfólks, og eins hitt, að rétt er einnig að hafa í huga, að það dugir lítt að koma á fót stofnun sem þessari, ef ekki fást til hennar starfskraftar, sem hlotið hafa nægilega kunnáttu í þessum efnum. Um fyrrnefnda atriðið er það að segja, að því miður mun sú mótbára ekki vera fyrir hendi, að vistfólk muni skorta. Að hinu her jafnframt að vinna, að sem bezt verði að stofnuninni húið á hvorum stað, ekki sízt með því að fá þangað gott starfslið, sem reyndar er frumskilyrði.

Flutningsmenn þessarar tillögu telja það rétt að dreifa slíkum stofnunum um landið, svo sem þörf kallar á, ekki sízt vegna þess, að með því fá aðstandendur vistfólksins stórbætta aðstöðu sína til þess að fylgjast með högum þess og framvindu mála, einkum fyrstu mánuðina og reyndar ætíð.

Vistheimili í þessum landshlutum mundu hafa hvort tveggja í för með sér: aukin nauðsynleg tengsl milli aðstandenda og vistfólks og þá ekki síður, að fleiri mundu njóta nauðsynlegrar umönnunar en nú er, ef heimilin væru nær fólkinu. Um það skal ekki efazt, að þessu máli yrði lagt rækilega lið heima fyrir, sem auðveldaði alla framkvæmd.

Því er þessari áskorun nú beint til ríkisstjórnar, að hún hlutist til um, að rækileg könnun fari fram á málinu og framkvæmdir verði svo í samræmi við niðurstöður. Það væri verðug aðstoð og kærkomin því fólki, sem mjög þarf á hjálp samfélagsins að halda, og ekki síður nánustu aðstandendum þessa fólks.